Fundargerð

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Viðstaddir		
Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH
Ómar Einarsson	ÓE	ÍTR
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kópavogi
Þorvaldur Daníelsson	ÞD	Form Skíðasvæðanna
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf
Forfallaðir		
Guðmundur Sverrisson		

20.12.2022

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tilefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur þriðjudaginn 20.12.2022 kl. 13:00.

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð 13.12.2022 samþykkt.

2 Lyftur Bláfjöll

Öryggis- og lokaúttektir byggingafulltrúa á lyftum hafa gengið brösuglega af ýmsum ástæðum. Vonir standa til að þeim ljúki fljótlega.

EKS kynnti samning um afhendingu og uppgjör lyfta.

- ⇨ EKS bætir inn fyrirvara við greiðslur um að lokaúttektum byggingafulltrúa sé lokið
- ⇨ Verkefnishópur samþykkir að PBG sendi samninginn til stjórnar SSH til samþykktar og með ósk um heimild til undirskriftar

3 Snjóframleiðsla 1. áfangi

RSFS áætlar að verkábyrgð fáist afhent í vikunni. Í beini framhaldi er hægt að skrifa undir verksamning.

Sterkt sannfæring er hjá Skíðasvæðunum og TechnoAlpin að góð staðsetning stjórnstöðvar- og dæluhúss (P/C) sé við norðurhlið Drottningar þar sem spennistöð norðursvæðis Bláfjalla og varaafl mun einnig verða staðsett. Áður hefur verið fjallað um hýsingu spennistöðva Veitna og færð rök fyrir því að ódýrast sé að Skíðasvæðin leggi til hýsingu þeirra.

EKS hefur stillt upp verðfyrirspurnargögnum fyrir hýsingu á neðangreindu:

- Spennir Veitna fyrir norðursvæði Bláfjalla
- Spennir Veitna fyrir snjóframleiðslu
- Varaafl Bláfjalla (rafstöð og olíugeymir)

- ⇨ Verkefnishópur samþykkir að vinna þau gögn áfram
- ⇨ Sem flestum verði gefinn kostur á að bjóða – þ.m.t. TechnoAlpin. Verði TA hlutskarpastir er líklegt að þetta húsnæði verði fellt inn í P/C hús.
- ⇨ Skv. deiliskipulagi er P/C staðsett norðan verkstæða. EKS mun biðja Landslag að senda fyrirspurn til skipulags Kópavogs um hugsanlega breytingu
- ⇨ EKS mun óska eftir fundi með ÁH um byggingarleyfi og kröfur þess

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skíðasvæðin telja nauðsynlegt að ráðast í neðangreind verkefni:

- Landmótun í Kóngsgili
- Ný lýsing í Kóngsgili (m.a. þar sem nú er áætlað að fjarlægja lyftumöstur gömlu Drottningar sem bera uppi lampana)
- Færsla brettalyftu neðst í Öxlinni 15m norðar
- Færsla snjógirðingar milli brettasvæðis og Axlar 15m norðar

⇨ Ofangreint er allt á lagnaleið snjóframleiðslukerfanna sem byggð verða næsta sumar og þarf því að vinnast á undan eða samhliða

⇨ Verkefnin eru ekki inni fjárveitingum verkefnisins. Málinu vísað til stjórnar Skíðasvæðanna (samstarfsnefndar) til umfjöllunar

4 Fjárhagsstaða/áætlanir

Unnið hefur verið að uppfærslu kostnaðarlíkans verkefnisins.

⇨ Eftirstöðvar 2022 stefna nú í 53 m.kr sem nýtt verður sem flýtigreiðsla til Doppelmayr sbr. samning í lið 2.

⇨ Fjárveiting í Gosa/Drottningu er alls 2.405 m.kr í samningi sveitarfélaganna. Verkið stefnir að enda 26 m.kr undir fjárveitingu ef gengi helst óbreytt.

5 Næsti fundur

Ákveðið síðar

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026